

Vetrarnótt

Í örmum vetrarnætur
litli bærinn sefur rótt.
Unga barnið grætur
en móðir þess það huggar skjótt.
Í baksýn fjöllin há,
snævipaktir tindar rísa.
Fögur sjón að sjá
og norðurljósinn allt upp lýsa.

Fögrum skróða landið skryðist
sínum vetrarnóttum á.
Flækingsgrey eitt úti hýrist,
vosbúðin hann kvelur þá.
Er birta fer af degi,
litli bærinn vaknar skjótt,
hvíldar nýtur eigi
lengur þessa vetrarnótt.

